

Nd.

134. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað „40.“ (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort lveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.